

Nd. 116. Frumvarp til laga [113. mál]

um breyting á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Friðrik Sophusson, Steinþór Gestsson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn innlendrar matjurtaframleiðslu og setur reglur um mat og gæðaflokkun matjurta. Það getur falið Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast sölumál framleiðslu innlendra matjurta. Í því starfi skal það stuðla að því, að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að bestu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra.

2. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að takmarka eða banna innflutning á garðávöxtum og matjurtum, sem ræktaðar eru í gróðurhúsum héraendis, þann tíma sem innlend framleiðsla er fánæg í landinu. Á öðrum tíma er innflutningur heimill að fengnu leyfi sem ríkisstjórnin gefur út.

3. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Varðandi innflutning og sölu matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu gilda ákvæði laga nr. 17/1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta, eins og við á.

4. gr.

Fyrsti málsliður 38. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu verði numin úr lögum. Ekki er gerð önnur breyting á starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Lagt er til að lögini taki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1982, þannig að Grænmetisverslun landbúnaðarins, núverandi framleiðendur og hugsanlegir nýir heildsöluðreifendur fái nokkurn aðlögunartíma þar til lögini taka gildi.

Ákvæði þessa frumvarps um afnám einokunar í verslun með grænmeti eiga að vera til bóta fyrir neytendur, þá framleiðendur, sem framleiða 1. flokks kartöflur, og hugsanlega aðra heildsöluðreifendur. Á Grænmetisverslun landbúnaðarins að geta starfað áfram þótt sérréttindi fyrirtækisins séu afnumin, en nú er álitamál hvort gildandi löggjöf brýtur ekki í bága við 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Um einokun.

Eins og kunnugt er fjallar hagfræðin m. a. um þjóðhagslega hagkvæmni mismunandi fyrirkomulags á framleiðslu og dreifingu vöru og þjónustu. Niðurstöður hagfræðinnar eru almennt þær, að einokun sé þjóðhagslega óhagkvæmasta framleiðslu- og dreifingarfyrirkomulagið. Stefna vestrænna þjóða a. m. k. hefur því verið að afnema og útiloka einokun hvarvetna þar sem samkeppni fær þrífist, en veita einokunarfyrirtækjum, sem búa við tæknilega eða náttúrlega einokun, rekstrarlegt aðhald.

Ástæður þess, að einokun er þjóðhagslega óhagkvæmt fyrirkomulag, eru einkum þrjár:

1. Verð til neytenda hefur tilhneigingu til þess að verða hærra en þar sem samkeppni ríkir.
2. Vörumagn til neytenda verður því minna samkvæmt áhrifum verðsins í jöfnun framboðs og eftirspurnar og fjölbreytni minnkar.
3. Þjónusta við neytendur getur verið lakari án þess að það skaði einokunarfyrirtækið, ef ný fyrirtæki eru útilokuð frá aðgangi að markaði.

Þótt hægt sé að sýna fram á þessi atriði með hagfræðilegum aðferðum að gefnum vissum forsendum, þá verður það ekki gert hér. Æskilegast væri að geta beitt aðferðum raunvísindanna með samhliða tilraunum með einokun og samkeppni á sama markaði á sama tíma. Slíkt er hins vegar óframkvæmanlegt. Því þarf að beita öðrum aðferðum til þess að sannreyna þessa þrjá ókosti einokunar.

Verð.

Ógerlegt er að fullyrða, hvert verð garðávaxta hefði verið á undanfórnum árum ef samkeppni hefði ríkt í verslun með þessar vörur. Hins vegar má t. d. bera verðbreytingar á kartöflum saman við aðrar verðbreytingar í þjóðfélaginu og draga af því nokkurn lærdóm. Þetta er gert í eftirfarandi yfirliti. Hafa ber í huga, að niðurgreiðsla á kartöflum hófst í desember 1970, en egg t. d. hafa ekki verið niðurgreidd á þessu tímabili og verið verðlögð án afskipta opinberra aðila.

Yfirlit 1.
Verðbreytingar.

| | 1/5 1970 | 1/5 1980 | Margfeldis- hækkun (sinnum) |
|---------------------------------------|----------|----------|-----------------------------------|
| 1. fl. útsöluverð | 20.00 | 1268.00 | 63.4 |
| 2. fl. útsöluverð | 17.20 | 1119.00 | 65.1 |
| 1. fl. raunverulegt verð | 20.00 | 1268.00 | 63.4 |
| 2. fl. raunverulegt verð | 17.20 | 1119.00 | 65.1 |
| Egg 1 kg útsöluverð (meðalverð) | 128.92 | 1388.37 | 10.8 |
| Matvara almennt | 149.00 | 2650.00 | 17.8 |
| Vísitala vöru og þjónustu | 146.00 | 2643.00 | 19.1 |

Magn.

Á þeim tíma (fram til 1935), þegar verslun með kartöflur var frjáls hérlendis, jókst neysla á kartöflum. Þessi neysla hélt áfram að aukast fyrst eftir að Grænmetisverslun ríkisins hóf verslunina, en tók síðan að dragast saman þannig að neysla kartafna var sú sama við upphaf og lok Grænmetisverslunar ríkisins. Á þeim tíma, sem Grænmetisverslun landbúnaðarins hefur annast sölua, hefur neysla kartafna stöðugt dregist saman. Þó ber þess að geta, að neysla unninna kartafna í ýmsu formi er ekki meðtalin.

Yfirlit 2.
Neysla kartafna.

| Tímabil | Neysla á mann kg |
|-----------------|---------------------|
| 1920—1925 | 46.56 |
| 1925—1930 | 56.48 |
| 1930—1935 | 57.89 |
| 1935—1940 | 74.95 |
| 1940—1945 | 79.95 |
| 1945—1950 | 70.78 |
| 1950—1955 | 74.49 |
| 1955—1960 | 62.64 |
| 1960—1965 | 58.31 |
| 1965—1970 | 48.42 |

Samanborið við önnur lönd er neysla á kartöflum mun minni hér en erlendis og úrval garðávaxta lítið.

Þjónusta.

Ef marka má af dagblöðum virðist ríkja almenn óánægja með úrval af grænmeti. Kvartað er undan vöruskorti, skemmdum kartöflum og fábreyttu úrvali. Einnig virðist fólk vilja hafa kartöflur í gagnsæjum umbúðum og merktar framleiðanda. Á þessar kvartanir almennings skal enginn dómur lagður, en áberandi virðist hve einokunarfyrirtækjum í matvæladreifingu eru oft sendar kvartanir í blöðum.

Varnir gegn sýkingu nytjajurta.

Í frumvarpinu er settur varnagli um varnir gegn sýkingu nytjajurta. Vegna legu landsins á þetta atriði sennilega ekki við um kartöflur, en orðalag ákvæðisins getur gert það gagnlegt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er heilðsöludreifing á garðávöxtum svo og matjurtum, framleiddum í gróðurhúsum, gefin frjáls, þannig að nýir heilðsöludreifendur geti starfað við hlið núverandi dreifingaraðila. Jafnframt er umsjón með þessum kafla framleiðsluráðslaganna færð í hendur landbúnaðarráðuneytisins til samræmis við 39. gr. laganna, enda er sú skipan eðlilegri vegna þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. Landbúnaðarráðuneytið getur þó að sjálfsgöðu engu að síður falið framleiðsluráði að framkvæma settar reglur og annast það eftirlit sem henta þykir.

Um 2. gr.

Með þessari breytingu fellur niður einkaréttur ríkisstjórnarinnar til innflutnings á kartöflum og grænmeti. Í stað þess er lagt til, að ríkisstjórnin hafi heimild til að takmarka innflutning þegar innlend framleiðsla er á boðstólum. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að setja reglur um innflutning þegar innlend framleiðsla er ekki fáanleg.

Um 3. gr.

Með niðurfellingu núverandi ákvæða 36. gr. er heimild framleiðsluráðs til að veita einkasöluréttindi á gróðurhúsaframleiðslu og eggjum felld niður. Í stað þess kemur ný 36. gr. um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

Um 4. gr.

Felld er niður heimild til framleiðsluráðs til að skipta landinu í sölusvæði. Fylgir sú niðurfelling eðlilega þeirri breytingu, sem gerð er á verslun með þessar vörur.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki frekari skýringa.